



Borgarnesi 04.01 2021

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

**Efni; Samningur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um rekstur áfangastaðastofu á Vesturlandi.**

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að því að stofna áfangastaðastofur fyrir ferðapjónustuna í landshlutunum. Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála hafa leitt þessa vinnu fyrir hönd atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins. Nú liggur fyrir að ráðuneytið hefur ákveðið að semja við landshlutasamtök sveitarfélaga um verkefnið. Áfangastaðastofur verða stofnaðar á grunni markaðsstofa landshlutanna og eru þær með þessu í raun að fá umfangsmeiri verkefni en áður var.

SSV hefur s.l. sjö ár átt allt hlutfé í Markaðsstofu Vesturlands og því var tekin ákvörðun af stjórn SSV fyrir á þessu ári að sameina starfsemi Markaðsstofu Vesturlands við starfsemi SSV. Í nýju skipuriti SSV er því gert ráð fyrir áfangastaðastofu sem sérstöku sviði sem ber heitið áfangastaðurinn Vesturland. Það má því segja að við séum búin að vinna okkar heimavinnu og tilbúin til þess að taka yfir verkefnið. Markaðsstofan verður áfram til en mun eingöngu sjá um markaðssetningarverkefni, en sama starfsfólk vinnur fyrir áfangastaðinn og markaðsstofuna.

Samningnum við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið munu fylgja 22 m.kr., en helmingur þeirrar upphæðar fer í grunnrekstur áfangastaðastofu og helmingur fer til sérstakra verkefni sem skilgreind eru í Áfangastaðaaætlun Vesturlands. Í fjárhagsáætlun fyrir Markaðsstofu Vesturlands var gert ráð fyrir sömu upphæð í tekjur frá ríkinu vegna þessara verkefna. Í stað þess að sú fjárveiting greiðist til Markaðsstofu Vesturlands mun hún renna til SSV, enda er starfsemin komin undir SSV. Þar fyrir utan er í undirbúningi samningur á milli Íslandsstofu og landshlutanna um sérstaka fjárveitingu til markaðssetningar á þeim fyrir ferðamenn.

Stjórn SSV hefur í nokkur skipti rætt væntanlega stofnun áfangastaðastofu á fundum sínum og á fundi 2 desember s.l. voru drög að samningi um verkefnið til umfjöllunar. Þar var samþykkt að fela framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu og nú liggja fyrir endanleg samningsdrög.

Í 7.gr. laga SSV segir „Stjórn SSV ber að fylgja fjárhagsáætlun, sem samþykkt er á aðalfundi. Komi upp verkefni sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun og felur í sér kostnaðarhækkun umfram 5% af áætluðum heildarkostnaði SSV á viðkomandi fjárhagsári skal stjórnin kalla saman fund fulltrúa sveitarfélaganna skv. 3. grein og fá samþykki fyrir nýjum eða auknum útgjöldum eða samningum sem hafa í för með sér fjárhagslega skuldbindingu samtakanna.“

Stjórn SSV lítur svo á að samningurinn um að taka yfir umsjón áfangastaðastofu Vesturlands feli ekki í sér nýjar fjárhagslegar skuldbindingar þar eða fjárveitingar og þau verkefni sem þær eiga að fjármagna, séu


að flytjast frá Markaðsstofu Vesturlands til SSV. Rétt er að áréttta það að með nýju skipuriti var í raun búið að sameina þá starfsemi MV sem heyrir undir áður nefndan samning við SSV.

Erindi þessa bréfs er því að upplýsa aðildarsveitarfélögin um fyrirhugaðan samning SSV við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um rekstur Áfangastaðastofu. Jafnframt að lýsa þeirri skoðun stjórnar SSV að þar eða þær tekjur og sá kostnaður sem fylgir samningnum voru áður undir Markaðstofu Vesturlands, sem nú hefur sameinast SSV, feli undirritun samnings ekki í sér skuldbindingar umfram áætlaðan heildarkostnað SSV á viðkomandi fjárhagsári.

Stjórn SSV kallar því eftir heimild frá aðildarsveitarfélögunum til þess að undirrita áður nefndan samning án þess að boða til sérstaks fundar fulltrúa sveitarfélaganna, sbr. 7 gr. laga SSV.

Meðfylgjandi eru samningsdrög við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið sem og fjárhagsáætlun fyrir Markaðsstofu Vesturlands fyrir árið 2021

Með vinsemd og virðingu



f.h. SSV

Páll S. Brynjarsson